Brjef landshöfðingja *til beggja amtmanna* **um skýrslur um almennt ástand.** (Ágrip). — Með brjefum þessum var lagt fyrir báða amtmenn að hætta að heimta skýrslur þær »um hið almenna ástand«, sem sýslumönnum hefur verið gjört að skyldu að senda árlega samkvæmt tollkammer-umburðarbrjefi 18. jan. 1777 og rentukammer-umburðarbrjefi 28. sept. 1816, með því að eigi yrði annað sjeð, en að skýrslur þessar væru nú orðnar óþarfar og gagnslausar. 12. 13. jan.

Brjef landshöfðingja *til biskups* **um niðurlagning kirkju.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra biskup, dags. 16. f. m. og þar með fylgjandi skjöl, vil jeg hjer með samkvæmt 4. gr. laga nr. 3, 27. febr. 1880, samþykkja: 13. 13. jan.

1. Að Hjörtseyjarkirkja í Mýraprófastsdæmi verði lögð niður, þannig, að eigendur Hjörtseyjar haldi áfram að greiða sóknarprestinum prestsmötugjald, 12 fjórðunga smjörs árlega, eins og hingað til, og afhendi kirkjuhúsið með skrúða og áhöldum, svo og 3 hundruð í geldsauðum, sem kirkjan á, en haldi að öðru leyti eigninni, sem kirkjan nú stendur á, sem sinni frjálsri og óháðri eign, allt samkvæmt samningi 27. júní f. á.
2. Að Hjörtseyjarsókn verði sameinuð Akrasókn, þannig, að eigandi þeirrar kirkju taki við Hjörtseyjarkirkju og því, sem henni á að fylgja, en skuldbindi sig til að stækka svo kirkju sína, að hún fullnægi þörfum hins sameinaða safnaðar.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingjá *til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu* **um verzlunarskýrslur.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 17. nóv. síðastl., hafið þjer, herra sýslumaður, spurzt fyrir um það, hvort í brjefi mínu um hið nýja fyrirkomulag á verzlunarskýrslum, dags. 24. okt. f. á., sje einnig átt við þau tilfelli, er einstakir menn fá vörur beint fra útlöndum, án milligöngu nokkurrar verzlunar, svo sem pappír, ofna, eldavjelar og annað, til eigin notkunar en ekki verzlunar. Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með orðum þeim, er þjer tilfærið úr nefndu brjefi mínu er átt við hið sama sem ákveðið er í 5. gr. laga um hagfræðisskýrslur 8. nóv. f. á., þar sem eigi að eins forstöðumönnum fastra verzlana, lausakaupmönnum, þar með töldum hrossakaupmönnum og fjárkaupmönnum svo og forstöðumönnum kaupfjelaga og pöntunarfjelaga, er lögð sú skylda á herðar, að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje skýrslur um vöruflutninga til landsins og frá því, heldur einnig hverjum þeim, sem vörur kaupir eða vörukaup annast frá útlöndum eða sem selur vöru eða sölu annast til útlanda. Það er þannig ljóst, að skýrslu ber að gefa þó að að eins sje að ræða um vörupöntun til eigin þarfa; en það er hvort tveggja, að slíkar vörupantanir einstakra manna nema eigi miklu, og ganga optast gegnum einhverja verzlun eða umboðsmenn og komast þannig í skýrslur, enda verður ekki heimtað að sýslumenn gjöri sjerstakar ráðstafanir til, að grennslast eptir slíku, fyrr en gefin verður út reglugjörð samkvæmt 2. gr. ofannefndra laga, þar sem ákvæði munu verða sett um þetta atriði. 14. 13. jan.